



Hagstofa Íslands

Alþingi – iðnaðarnefnd
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2011

Efni: Umsögn Hagstofu Íslands um Tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020 (467. mál, fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011)

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Hagstofu Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu en þar eru meginlínur stjórnvalda í ferðamálum til ársins 2020 lagðar. Hagstofa Íslands fagnar tilkomu nýrrar ferðamálaáætlunar en vill gera nokkrar athugasemdir við tölfræðihluta áætlunarinnar sem fjallað er um í þingsályktunartillögunni en þar er lögð áhersla á að efla og styrkja tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustu sem atvinnugrein hér á landi og gert ráð fyrir aukinni ábyrgð Ferðamálaráðs í því sambandi.

Hagstofan Íslands starfar eftir lögum nr. 163/2007 þar sem fram kemur að stofnunin “er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hefur forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál”.

Á grundvelli laganna og vegna erlendra skuldbindinga Íslendinga safnar Hagstofan og birtir ýtarlegar upplýsingar um ferðaþjónustu reglulega og er verulegur hluti þeirrar tölfræði vegna alþjóðlegra krafna aðallega í gegnum EES samninginn. Skuldbindingar um tölfræði ferðamála samvæmt EES samningi fer eftir tilskipun Ráðsins nr. 95/57 en samkvæmt henni ber að safna upplýsingum um:

- Fjöldi gististaða, framboð gistirýmis og nýtingu þess.
- Gistinætur og gestakomur eftir þjóðerni.
- Ferðavenjur íslenskra ríkisborgara jafnt innanlands sem erlendis.

Í samræmi við ofangreint safnar Hagstofan nú upplýsingum frá flestum gististöðum um framboð gistirýmis og fjölda gestakoma og gistinátta eftir þjóðerni gesta. Hagstofan á einnig samkvæmt þessari tilskipun að framkvæma árlega ferðavenjurannsókn meðal Íslendinga en vegna skorts á fjárframlögum hefur rannsóknin einungis verið framkvæmd tvívegis hérlendis, árið 1996 og svo aftur 2007-2008. Ferðavenjurannsókn veitir ítarlegar upplýsingar um ferðahegðun Íslenskra ferðamanna um eigið land og erlendis. Skylt er að safna upplýsingum um áfangastað, lengd dvalar, tilgang ferðar og tegund gistingar.

Þessi tilskipun hefur verið í gildi frá árinu 1995 og miðar að því að tiltæk séu sambærileg tölfræði um þróun ferðaþjónustu innan Evrópu. Hér eins og annarsstaðar í heiminum hefur ferðaþjónusta sem atvinnugrein vaxið og dafnað á undanförunum árum. Á sama tíma hafa kröfur alþjóðastofnana um formfasta, áreiðanlega og samanburðarhæfa hagskýrslugerð um ferðaþjónustu aukist og nú liggja fyrir drög að nýjum evrópskum lögum um tölfræði ferðaþjónustu. Áfram er lögð áhersla á að upplýsingum um gististaði, gistinætur og ferðavenjur sé safnað en til viðbótar er lögð áhersla á að styrkja gerð ferðaþjónustureikninga (TSA).

Athugasemdir Hagstofu um þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun varða tengingu hennar við opinbera tölfræði. Í áætluninni er gert ráð fyrir að “Ferðamálastofa hafi frumkvæði að og beri ábyrgð á mótun stefnu varðandi framkvæmd og úrvinnslu kannana”. Virðist sem Ferðamálaráð eigi að bera ábyrgð á opinberri tölfræði vegna kannana á sviði ferðamála en slíkt fyrirkomulag stríðir gegn lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Íslendingar hafa á sviði hagskýrslugerðar þar sem ábyrgð Hagstofu Íslands á gerð opinberrar tölfræði er ótvíræð.

Gögn úr könnunum eru einnig notuð í opinberra tölfræði og má þar nefna ferðaþjónustureikninga og þjónustujöfnuð. Uppfylla verður að ákveðnar strangar kröfur um aðferðafræði og gæði í könnunum eins og ferðavenjukönnun og ekki séð að Ferðamálastofa sem fer með opinbera stjórnvaldsframkvæmd ferðamála sé endilega í stakk búin að axla ábyrgð á þeim. Telja verður afar óheppilegt að framkvæmdaaðili í stjórnsýslu ferðamála beri ábyrgð á mælingum á árangri af eigin starfsemi og slíkt samrýmist engan veginn þeim verklagsreglum sem gilda um opinberar tölfræðiupplýsingar. Slíkt fyrirkomulag gæti veikt þann trúnað og frið sem þarfa að ríkja um gerð tölfræði, sem þarf að vera hafin yfir vafa hvað þessi atriði varða.

Opinber tölfræði gæti hins vegar verið forsenda fyrir ýmsum öðrum rannsóknum og könnunum sem ekki teljast endilega til tölfræði. Hagstofan telur að forsenda fyrir góðri tölfræði um ferðaþjónustu séu tímanlegar og áreiðanlegar grunnupplýsingar sem standast þær gæðakröfur sem gerðar eru til opinberrar tölfræði.

Meginvandi við gerð tölfræði um ferðamál er að fjárhagslegur stuðningur stjórnvalda hefur ekki verið nægur til að tryggja að alþjóðlegar skuldbindingar á tölfræði ferðamála séu í heiðri hafðar. Í ferðamálaáætlun er gert ráð fyrir að mat á árangri ferðaþjónustu verði byggt á niðurstöðum ferðaþjónustureikninga og getur Hagstofan tekið undir það sjónarmið. Rétt er að benda á að Hagstofan hefur ekki fasta fjárveitingu til þess að gera slíka reikninga heldur hafa hingað til verið unnir með góðum stuðningi frá Iðnaðarráðuneyti. Niðurstöður þeirra voru birtar í lok árána 2009 og 2010 og nú er í undirbúningi þriðja útgáfan á grunni sammings milli Iðnaðarráðuneytis og Hagstofu.

Samkvæmt ferðaþjónustureikningum má rekja um 55% af umsvifum innlendarar ferðaþjónustu til erlendra ferðamanna. Samkvæmt alþjóðlegri forskrift byggja upplýsingar um gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum á niðurstöðum úr þjónustujöfnuði. Útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi án flugfargjalda eru um fjórðungur þjónustuviðskipa við útlönd og er því gríðarlega mikilvæg heimild við gerð ferðaþjónustureikninga. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og reglugerðum við uppgör á þjónustujöfnuði og

ferðaþjónustureikningum, ber að skipta tekjum og útgjöldum ferðamanna í viðskiptaferðir, einkaferðir, sjúkraferðir og námsferðir.


Upplýsingar um ferðaþjónustu s.s. ferðavenjur erlendra ferðamanna geta þannig rennt styrkari stoðum og tengt saman víðtæka hagskýrslugerð stofnunarinnar. Það er einnig mikilvægt að Hagstofan hafi aðkomu að þeim könnunum til að afla viðbótarupplýsinga um erlenda ferðamenn en slíkar kannanir eru nauðsynlegar fyrir þá tölfræði sem hér er lýst og afar milvægar fyrir stjórn ferðamála. Gæði kannana þarf að vera tryggt og í nokkrum evrópuríkjum eru þær framkvæmdar í samvinnu Hagstofa og ferðamálayfirvalda.

Hagstofan telur að það gæti styrkt ferðamálaáætlun ef það kæmi skýrt fram, hvaða opinbera tölfræði þyrfti til að unnt væri að framfylgja henni. Hagstofan telur mikilvægt að tekið sé fram að sú tölfræði sé á ábyrgð Hagstofu og samhæfð þeim ramma sem krafist er alþjóðlega. Þetta gildir um tölfræði um fjölda gistaðna, framboð gistirýmis og nýtingu þess, gistinætur og gestakomur eftir þjóðerni og ferðavenjur íslenskra ríkisborgara jafnt innanlands sem erlendis. Jafnframt verði kveðið á um gerð ferðaþjónustureikninga í umræddri ferðamálaáætlun. Þannig verði til grunnur að styrki opinberrri tölfræði sem nýttist ferðaþjónustuaðilum og uppfyllti um leið skyldur um gagnaskil á ferðamálatölfræði í samræmi við alþjóðlega staðla. Ábyrgð Hagstofunnar sem opinberrar hagskýslumiðstöðvar á þessum upplýsingum væri jafnframt til staðar. Auk þess gæti verið skynsamlegt að kveða á um að komið yrði á fót formlegum samstarfsvettvangi, eins og notendahóp með aðild hagsmunaaðila og Hagstofu og er slíkt form mjög í anda þess samstarfs sem lagt er til að verði um ýmis málefni tengd ferðaþjónustu og í samræmi við samvinnu Hagstofunnar við hagsmunaaðila á ýmsum sviðum tölfræði.

Með slíku fyrirkomulagi væri öruggt að fyrir lægju opinberar upplýsingar sem gætu verið grunnur fyrir ákvarðanatöku og að sú tölfræði nýttist sem best fyrir greinina og við gerð opinberrar tölfræði um ferðaþjónustu.

Hagstofan vill að lokum ítreka að hún hefur átt afar farsælt og árangursríkt samstarf við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, bæði opinbera sem aðra og leggur áherslu á áhuga sinn, að það samstaf verið eflt með ferðamálaáætluninni. Hagstofan leggur sérstaka áherslu á, að við ráðstöfun á fjármagni verði horft til þess að stofnunin geti uppfyllt þær lagalegu skuldbindingar sem á hana eru lagðar á þessu sviði.

Virðingarfyllst,



Rósmundur Guðnason
skrifstofustjóri efnahagssviðs